

## SÁL103. Kafli 4:Spurningar varðandi styrkingar og refsingar Verkefni 4

1. Sveinn er tveggja ára. Þegar mamma hans og pabbi eru að vinna í heimilistölvunni er Sveinn oft að sniglast í kringum þau og á það til að reyna sífellt að fíkta í lyklaborðinu á tölvunni og trufla þannig vinnu foreldranna. Hefur það jafnvel komið fyrir að hann hafi eytt skjölum eða skemmt þau.

Hver af eftirfarandi aðferðum myndu henta best til að kenna Sveini að hætta að fíkta í tölvunni? Hvers vegna henta hinar aðferðirnar ekki?

- a) Skamma Svein í hvert skipti sem hann fíktar í tölvunni

---

- b) Umbuna Sveini fyrir að láta tölvuna eiga sig og sýna afskiptaleysi þegar hann er að fíkta í henni.

---

- c) Umbuna Sveini fyrir að láta tölvuna eiga sig og setja hann í hlé (láta bíða afsíðis) þegar hann fíktar í henni

---

- d) Framkvæma óttavekjandi hávaða þegar Sveinn fíktar í tölvunni t.d. með því að klappa saman lófum eða slá saman pottlökum

---

- e) Læsa vinnuherberginu þar sem tölvun er og hleypa Sveini aldrei þangað inn

---

2. Ef við gerum ráð fyrir að refsingar t.d. eins og skammir séu tiltölulega gagnslausar í að breyta hegðun s.s. í uppeldi? Hvað er það þá sem heldur refsingunni við sem ákveðinni uppeldisaðferð?

---

---

---

3. Siggi er 4 ára. Hann vill stundum horfa á DVD þegar kominn er háttatími. Ef foreldrnir segja nei fær hann frekjukast þ.e. leggst á gólfíð og orgar. yfirleitt láta foreldrar hans undan honum á endanum til að losna við orgið. En það er misjafnt hvað hann þarf að orga lengi þangað til foreldrnir segja “allt í lagi þú mátt horfa smá stund áður en þú ferð að sofa “. Foreldrnir voru orðin þreytt á þessari hegðun Sigga og ákveða dag einn að venja hann af þessu og láta ekki eftir honum að horfa á DVD á háttatíma og hundsá frekjuköstin. Raunin varð sú að það gekk frekar seint og illa að venja Sigga af frekjuköstunum.

a) Eftir hvaða styrkingarhætti var hegðun Sigga styrkt?

---

b) Hvers vegna gekk slokknunin seint, þ.e. að venja Sigga af frekjuköstunum.

---

---

---

---